

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1994

10. maí 1994

847

Nr. 270

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Stöðvarhreppi árið 1994.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir undanþágur til hundahalds í Stöðvarhreppi sbr. samþykkt um hundahald í Stöðvarhreppi nr. 363 frá 1989 skal vera 5.720 krónur fyrir árið 1994.

Gjaldið skal greitt í einu lagi fyrir 1. júní 1994.

Við skráningu skal greitt fyrirfram.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Stöðvarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81 frá 1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. maí 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

17. maí 1994

Nr. 271

REGLUGERÐ

um breytingu á rg. nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð
sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994.

1. gr.

Gildistöku 2. gr. reglugerðar nr. 118/1994 um breytingu á 18. gr. reglugerðar nr. 188/1988 er frestað til 1. september 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast gildi 1. júní 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. maí 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.